

Umsögn íbúaráðs Kjalarness dags. 11. febrúar 2021 um Stefnu um framtíðarskipan tónlistarnáms í Reykjavík til 2030.

Íbúaráð Kjalarness fagnar nýrri stefnu um framtíðarskipan tónlistarnáms í Reykjavík til 2030. Með þessari nýju stefnu ættu börn tekjuminni foreldra að fá aukin tækifæri til tónlistarnáms þar sem auka á áherslur á skólahljómsveitir, aðstöðu til hljóðfærakennslu í grunnskólum barnanna og auka söng- og kórastarf. Jákvætt er að leikskólastigið sé tekið inn í þessa stefnu. Mikilvægt er að tónlistarnám verði almennt aðgengilegra óháð tekjum foreldra.